

*bænda*  
FERÐIR

## SKÍÐAGÖNGUFERÐ TIL ACHENSEE



**2. – 9. febrúar 2019**

**Fararstjórar: Steinunn H. Hannesdóttir og  
Anna Sigríður Vernharðsdóttir**

Hreyfiferð  
Austurríki

## Ferðalýsing

Vetrarfrí í skemmtilegum félagsskap og í fallegu umhverfi er sannkallaður draumur og eitthvað sem allt útivistaráhugafólk ætti að upplifa. Achensee er **eitt af bestu skíðagöngusvæðum Austurríkis** og eru skíðabrautir svæðisins 201 km langar, á öllum erfiðleikastigum. Svæðið við Achensee er einstaklega fallett, enda dalurinn umlukinn tignarlegum fjöllum á nánast alla vegu. Gist verður á 4\* hóteli í bænum **Pertisau** sem er sá bær við vatnið sem býður upp á bestu skíðagönguaðstöðuna. Skíðabrautir eru rétt við hótelið og hægt er að drífa sig út á skíði og njóta útivistarinnar strax eftir morgunverð. Aðstaðan á hótelinu er til fyrirmyndar, þar er góð **heilsulind** með sundlaug, nokkrum tegundum gufubaða og afslöppunarsvæði þar sem gestir geta slakað á eftir ánægjulegan dag. Flogið er með Icelandair til München, en þaðan eru rétt um 140 km til Achensee. Daglega verður boðið upp á áhugaverðar ferðir með fararstjórum en að sjálfsgöðu getur hver og einn farið á eigin vegum um svæðið.



**8 dagar | 7 nætur í Achensee**

### Svæðið

Achensee er eitt af bestu gönguskíðasvæðum Austurríkis, enda eru skíðabrautir svæðisins 201 km langar, á öllum erfiðleikastigum, en aðallega þó bláar og rauðar brautir. Svæðið er í dalnum Achental sem er umlukinn tignarlegum fjöllum á nánast alla vegu sem dregur ferðamenn til sín allan ársins hring. Bæirnir við vatnið, sem er 6,8 km<sup>2</sup> að stærð, eru fimm og þó þrír þeirra séu með rúmlega 2.000 íbúa er það Pertisau sem er þekktastur fyrir bestu aðstöðuna til gönguskíðaiðkunar. Íbúar Pertisau eru ekki nema 596 en þar munum við einmitt gista á hóteli þar sem ein skíðabrautin er alveg við hótelið. Brautirnar eru í 940 – 1.200 m hæð. Þær eru mjög fjölbreyttar og liggja t.d inn í dölunum, niður við vatnið eða uppi í hlíðunum á milli bæjanna. Skíðastrætóinn stoppar einnig beint fyrir utan hótelið og með gestakortinu sem er innifalið í gistingunni getum við tekið skíðastrætóinn yfir til Achenkirch og Steinberg, en gestakortið veitir okkur einnig frían aðgang að öllum brautum svæðisins. Það er að sjálfsgöðu hægt að leigja gönguskíði í bænum Pertisau og þar eru jafnframt skíðaskólar sem bjóða upp á sérstök gönguskíðanámskeið og einkakennslu. Árlega eru haldnar skíðagöngukeppnir við Achensee, en til gamans má geta að eitt þekktasta fjallahlaup Austurríkis fer einnig fram á svæðinu á sumrin. Heimasíða Achensee svæðisins er: <http://www.achensee.info/>



## Hótelíð

Gist verður í 7 nætur á hinu glæsilega 4\* Hotel Auszeit í bænum Pertisau við Achensee. Öll herbergin eru útbúin flatskjá, útvarpi, síma og baðsloppi. Gestir fá afnot af 500 fermetra heilsulind sem búin er mismunandi gufuböðum, sauna, slökunarsal og upphitaðri útisundlaug þar sem upplagt er að láta skíðapreytuna líða úr sér eftir góðan dag í brautunum. Hægt er að panta tíma í nudd eða hinar ýmsu heilsumeðferðir gegn gjaldi. Á hótelinu er glæsilegt morgunverðarhlaðborð og fjögurra rétta kvöldverður, ásamt salathlaðborði, sem verður framreiddur á veitingastað rétt við hótelíð. Hotel Auszeit er vel staðsett fyrir skíðagöngufólk, en aðeins örfáir metrar eru að brautunum. Heimasíða hótelsins:

<https://www.hotelauszeit.at/>



## Flugið

Flogið verður með Icelandair til München þann 2. febrúar kl. 7:20 og tekur flugið um 4 klst. Mæting er í Leifstöð í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför. Lending er í München kl. 12:05 að staðartíma. Þaðan eru 143 km til Pertisau við Achensee, en það má gera ráð fyrir að rútuferðin taki um 2,5 klst.

Á brottfarardegi leggjum við af stað út á flugvöll eftir morgunverð og síðan flogið heim kl. 13:05 frá München. Lending á Íslandi kl. 16:00.

## Verð

**208.800 kr. á mann í tvíbýli | 24.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.**

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Pertisau við Achensee
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Fjögurra rétta kvöldverður ásamt salatbar.
- ✓ Aðgangur að upphitaðri útisundlaug hótelsins.
- ✓ Aðgangur að heilsulind hótelsins.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

## Ekki innifalið

- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug, 4.700 kr. á fluglegg
- ✓ Hádegisverðir
- ✓ Þjóf fé
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging

